SFS2019120144

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna**

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2020, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til leikskóla KFUM og KFUK Vinagarðs verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 9 barna frá 12 mánaða til 18 mánaða og að framlag vegna barnanna verði til samræmis við samninga við sjálfstætt rekna ungbarnaleikskóla. Jafnframt verði heimilt að greiða framlag vegna 86 barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Þannig verði hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna í heild 95. Breytingin taki gildi 1. september 2020. Sviðstjóra er falið að gera samninga við leikskóla KFUM og KFUK vegna framlagsins sem taki mið af tímalengd núgildandi samnings.